

Raforkumálastjóri
Jarðhitadeild

SKÝRSLA UM VATNSLEIT Í SKAGAFIRÐI

Eftir

Jón Jónsson og
Kristján Sæmundsson

Agúst 1962

Stóra Seyla

Bærinn stendur austan í Langholt¹á fornum malarkambi, sem sennilega er þó ekki djúpur. Upp af honum eru allmiklar mýrar og flóasund. Þar er óvísá nema 1 m þykkt jarðvegslag áður en komið er á harðnaða botnurð (smiðjumó), sem liggur á fastri klöpp.

Þarna má fá vatn úr mölinni og jökulurbinni með því að grafa brunn niður á fast, en vatnið verður ekki sjálfrennandi. Ég lagði til að brunnur yrði gerður nálægt skurði neðan þjóðveggar sunnan við bæinn.

Geldingaholt

Bærinn stendur ofarlega í lágrí brekku þar sem tekið er að halla norður af. Vatn er nú tekið úr brunni ofan við bæinn og því dælt inn í hús. Brunnurinn nær niður á mólhellu. Undir henni mun liggja jökulurð. Rétt er að dýpka brunninn niður á fasta klöpp. Samt má búast við að vatn verði ónógt, sakir þess hve aðdragandi er stuttur. Fáist ekki nóg vatn er athugandi að bora holu neðan við holtið út í flóanum. Holudýpi má þarætla um 15-20 m áður en komið er í gott vatn.

Holtskot

Bærinn stendur norðan við Geldingaholt neðar í þessu sama blágrýtisholti. Vatn er nú tekið úr brunni stutt uppi í brekkunni. Það mun vera mjög lélegt vatn, jafnvel er sennilegt að í því séu óhreinindi frá bænum Geldingaholti. Hér er skynsamlegast að gera borholu úti í flóajaðrinum, austan við bæinn. Hún gæti orðið 15-20 m og þyrfti að fótta hana niður fyrir alla mýri.

Halldórsstaðir

Þessi bær stendur austan í Langholti en litlu neðar en Stóra Seyla. Brunnar heima við bæinn vilja þorna á vetrum og í þurrkatíð á sumrin. Hér er grunnt á klöpp t.d. ekki nema 1 m í skorningi norðvestur af bænum. Slíkt hið sama mun vera sunnar þar sem vatnsagi er allmikill fram eftir sumri. Vatn það sem hér kemur fram er ekki annað en afrennsli mýranna og flóanna uppi á Langholtinu, og er vafasamt hvort hér sé hægt að fá gott vatn sjálfrennandi heim í hús.

Ég ráðlagði bóndanum að gera brunn neðan við þjóðvegin undir smáholti norðvestur af bænum, þar fengist sjálfrennandi vatn. Brunnurinn þarf að ná niður á klöpp.

Kronanes

Bærinn stendur á þurrlendum bala austan við Húseyjarkvísl. Hér mun vera grunnt á móhellu og síðan mál. Vatn er nú tekið úr brunni, sem er alltof grunnur, og er því mikill sauði (leir) í vatninu. Hér tel ég sjálfsagt að bora, t.d. norður af kálgarðshorninu. Etla má að bora þurfi í um 20 m dýpi, áður en komið er í gott vatn. Ég tel óráðlegt að bora alveg heim við bæ, því að þar er e.t.v. ekki nógu djúpt á klöpp til þess að hægt sé að ná í gott vatn.

Ás í Hegranesi

Bærinn stendur austan í Hegranesi. Ofan við bæinn er hæðardrag úr blágrýti, en á því þykkt lag af þéttri allharðri jökulurö. Aðdragandi er mjög lítill að brunni, sem væri staðsettur ofan við bæinn, þótt vatn sé í jökulurðinni. Hætt er við að sá brunnur þornaði á vetrum og eins í þurrkum. Í kvos neðan við bæinn er vænlegast um vatn, og hefur þar verið grafinn brunnur, sem gefur nógu vatn. Ég tel vonlaust um sjálf-

rennandi vatn hér, en rétt sé að nota brunninn og dæla vatninu heim.

Garður í Hegranesi

Berinn stendur nyrst og austast í Hegranesi utan í allháu hæðardragi, sem er allt þakið jökulruðningi. Hér er vonlítið með brunn ofan við bæinn því að afrennslissvæðið er svo lítið. Hins vegar mun meiri von um vatn niðri í brekkunni. Þar er rétt að grafa brunn, en hann þarf að ná niður á fasta blágrýtisklöpp.

Álftagerði

Berinn stendur í fornri jökulurð, sem liggur út eftir dalnum. Hæðin bakvið bæinn er líka að mestu úr sama efni. Báðum megin við þessa hæð eru mýrasund. Mýrin neðan við bæinn hefur nú að mestu verið þurrkuð.

Af því að jökulurðir að jafnaði innihalda mikið vatn, legg ég til að borað verði við húsíð. Ástlað borðýpi 25-30 m. Að sjálfsögðu fæst vatn ekki sjálfrennandi úr slíkri holu heldur verður að dæla því upp.